

Greinargerð

vegna viðbótar við rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði.

1. Almenn

Arctic Sea Farm hf., kt. 700807-0450, Sindragötu 10, 400 Ísafirði, sótti um breytingu á rekstrarleyfi FE-1159 í Arnarfirði, þann 18. nóvember 2025. Um er að ræða breytingu á seiðastærð þar sem rekstraraðila verður heimilt að setja út 60g seiði í stað 120g seiða.

Ákvæði í rekstrarleyfi þar sem segir „Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 120g.“ verður eftir breytinguna „Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 60g.“ Einnig verður leyfið uppfært til samræmis við nýjustu leyfi Matvælastofnunar er snýr m.a. að lögum og reglugerðum, vísun í strandsvæðisskipulag og skilyrði.

Breytingin eykur sveigjanleika á stærð seiða við útsetningu og er til samræmis við sambærileg leyfi á svæðinu ásamt því að vera í samræmi við gildandi áhættumat erfðablöndunar. Samkvæmt áformum rekstraraðili hyggst hann einungis áforma að nota heimildina í undantekningartilfellum en meðalþyngd útsettra seiða hafi verið um 151 g árið 2024 og fyrirhugar rekstrarleyfishafi að auka meðalþyngd útsettra seiða við útsetningu á næstu árum.

2. Álit Skipulagsstofnunar

Arctic Sea Farm hf. fór með breytingu á seiðastærð í matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 8. júlí 2025 um að breytingin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna tillögu að breytingu á rekstrarleyfi

Tillaga að breytingu á rekstrarleyfi var auglýst þann 14. janúar 2026 og frestur til athugasemda gefinn til og með 12. febrúar 2026. Breytingin var unnin í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, sbr. breytingar sem gerðar voru með reglugerð nr. 1152/2025.

Athugasemdir á auglýsingatíma bárust frá Icelandic Wildlife Fund (IWF), North Atlantic Salmon Fund (NASF) og Landsambandi veiðifélaga (LV). Hér á eftir fylgir útdráttur úr athugasemdum ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim.

1. Jón Kaldal sendi inn umsögn fyrir hönd IWF þann 12. febrúar. IWF leggst gegn breytingunni vegna hættu á auknu stroki, meiri erfðablöndun við villtan lax og af dýravelferðarsjónarmiðum.

Matvælastofnun vísar til þess að breytingin er í samræmi við gildandi áhættumat erfðablöndunar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar vegna matsskyldufyrirspurnar um breytingu var á þann veg að hún myndi ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Var það niðurstaða eftir umsagnaferli þar sem m.a. Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa og Matvælastofnun veittu umsögn.

Matvælastofnun bendir einnig á að þessi heimild verði eingöngu notuð í undantekningartilfellum en almennt verði seiði stærri við útsetningu. Líkt og vísað er til í frétt þegar tillaga að breytingu var auglýst þá hafi meðal

þyngd seiða við útsetningu árið 2024 verið 151 g og fyrirhugað er að seiðastærð muni aukast á næstu árum. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að setja út stærri seiði út frá dýravælfæðarsjónarmiðum en ekki síður til þess að draga úr þeim tíma sem fiskur er í sjó.

2. Elvar Örn Friðriksson sendi inn umsögn fyrir hönd NASF þann 12. febrúar. NASF leggst eindregið gegn breytingunni á grundvelli aukinnar hættu sem getur stafað að villtum laxastofnum vegna stroks úr sjókvíaeldi.

Matvælastofnun vísar í svar við athugasemd eitt hér að ofan.

3. Jón Helgi Stefánsson sendi inn umsögn fyrir hönd LV þann 12. febrúar. LV leggst harðlega gegn því að breytingin verði heimiluð á grundvelli aukinnar hættu sem getur stafað að villtum laxastofnum vegna stroks úr sjókvíaeldi.

Matvælastofnun vísar í svar við athugasemd eitt hér að ofan.

4. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi Matvælastofnunar og starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Ekki var þörf á vinnu að samræmingu rekstrarleyfis og starfsleyfis hjá stofnununum sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem eingöngu þurfti að breyta skilyrðum rekstrarleyfis.

Starfsemin þarfnast einnig byggingarleyfis frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna sjókvía.

5. Forendur útgáfu

Matvælastofnun telur að undangenginni ítarlegri yfirferð á fyrirliggjandi gögnum að skilyrði til að breyta heimild til útsetningar seiða í rekstrarleyfi FE-1159 séu uppfyllt. Breytingin er í samræmi við gildandi burðarþósmat, áhættumat erfðablöndunar og strandsvæðisskipulag Vestfjarða. Að öðru leyti en framan greinir vísast til greinargerða með eldri útgáfum.

6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um að breyta rekstrarleyfi FE-1159 Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði.

Breytingin á rekstrarleyfinu tekur þegar gildi, en gildistími leyfisins helst óbreyttur og er til 21.03.2038.

Starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar helst óbreytt og því afhendir Matvælastofnun rekstraraðila eingöngu breytt rekstrarleyfi.

Akureyri, 11.03.2026